



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 13. september 2023

Staðsetning fundar: Reitir

Dagsetning: mið 13.09.2023 kl. 15:00

Mætt: Áróra, Íris, Ragnar, Sunna, Anna, Alexandra, Sirrý. Fjarverandi: Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Dagur Grænnar byggðar

Dagskrá er orðin klár, veitingar hafa verið bókaðir og rædd voru seinustu atriði í skipulagi. Um glæsilegan viðburð verður að ræða miðvikudaginn 27. september í Grósku. Græna skóflan, verðlaun fyrir mannvirki með framúrskarandi umhverfisáherslum, verður veitt á Degi grænnar byggðar og mun stjórn funda 21. sept til að fara yfir tilnefningar.

1. Starfsemi

Rætt var um þau rannsóknarstörf stjórnarmeðlima sem varða vistvæna mannvirkjagerð, sem og störf innan ólíkra starfshópa sem tengjast m.a. aðgerðaráætlun í vegvísi BGF. Unnið er að umfangsmikilli uppfærslu byggingarreglugerðar, en óskað verður eftir að vita nánari stöðu á skipulagsreglugerð. Þá voru ræddar aðgerðir í vegvísi BGF sem eru skráð á ábyrgð GB.

Rædd voru tengslanet sem stendur til að efna til á vegum Grænnar byggðar. Bæði hefur komið fram ákall um slík tengslanet, sem og hefur starfsemi systursamtaka á Norðurlöndunum vakið athygli, sbr. tengslanet innan finnska GBC fyrir stofnanir og fyrirtæki í innviðum. Óskað verður eftir fundi með norrænu GBC til þess að bera saman bækur varðandi tengslanet (e. network), læra af þeirra reynslu og vita hvernig staðið er að málum þar ytra. Þá var einnig rædd staða og starfssvið arkitekta til framtíðar, í ljósi nýafstaðinnar heimsráðstefnu arkitekta, sem og í ljósi aukinnar umræðu um þarfir bæði jarðar og manna.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður miðvikudaginn 11. október kl 15, AK boðar.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið 16.20.